



Kynning á starfsemi

HITAVEITU SELTJARNARNESS

- Ráðleggingar um stillingu búnaðar í húsum
- Gjaldskrá
- Eðlileg notkun
- Kostir og gallar salts jarðhitavatns

Ert þú með umframeyðslu?

Förum vel með heita vatnið
og lækkum kostnað við húshitun

Október 2011

Fyrirtæki í eigu allra Seltirninga
hagkvæmur rekstur í 40 ár



HITAVEITA SELTJARNARNESS

Hver er eðlilegur kostnaður við hitun húss á veitusvæði Hitaveitu Seltjarnarness?

Einangrun og aldur húsa sem og lífsmynstur íbúanna skiptir verulegu máli þegar skoðaður er kostnaður við hitun húsa.

Á myndinni hér að neðan er sýndur meðalkostnaður við hitun húsnæðis á Seltjarnarnesi. Fari kostnaður mikið fram úr þessum mörkum hefur Hitaveita Seltjarnarness yfirleitt samband við viðkomandi notanda og bendir á að notkun sé óeðlileg. Telji notendur að eitthvað sé óeðlilegt við notkun þeirra eru þeir hvattir til að hafa samband við veituna til að fá ráðleggingar og skýringar.

Kostnaður á hvert tonn af heitu vatni frá Hitaveitu Seltjarnarness er um 66,6 krónur/tn með sköttum.

Meðalkostnaður

Krónur

| | | á ári: | á mánuði: |
|------------------|---|----------|-----------|
| Íbúð í fjölbýli: | 100 m ² / 250 m ³ | 18.300.- | 1.500.- |
| Íbúð í fjölbýli: | 150 m ² / 400 m ³ | 37.300.- | 3.100.- |
| Einbýlishús: | 150 m ² / 450 m ³ | 45.000.- | 3.700.- |
| Einbýlishús: | 220 m ² / 750 m ³ | 70.000.- | 5.800.- |

Eðlileg ársnotkun pr. rúmmetra húsnæðis telst vera á bilinu 1,1–2,5 tonn.

Fjölbýlishús eru venjulega með lægsta notkun pr. rúmmetra, en í litlum einbýlishúsum getur oft verið erfitt að ná umtalsverðum sparnaði.


NEÐANGREINT ER ÁGÆTIS VIÐMIÐ:

| | | |
|---|-----------------|----------------------|
| 90 m ² /225 m ³ | íbúð í fjölbýli | 1,1 tn. pr. rúmmetra |
| 160 m ² /400 m ³ | raðhús | 1,4 tn. pr. rúmmetra |
| 170 m ² /500 m ³ | einbýlishús | 1,5 tn. pr. rúmmetra |
| 450 m ² /1125 m ³ | einbýlishús | 1,3 tn. pr. rúmmetra |

Jarðhitavatnið á Seltjarnarnesi er salt og því ekki hægt að leiða það beint inn á ofnakerfi húsa, nema pottofnar séu notaðir í stað venjulegra stálofna. Séu notaðir stálofnar, er nauðsynlegt að hafa lokað hringrásarkerfi með forhitara (varmaskipti). Stálefni hafa gefist vel en í ljósi nýrra lagnaefna á markaði er notendum bent á að fá ráðleggingar hjá Hitaveitunni varðandi nýlaggnir. Einnig er notendum bent á að skoða vefsíðuna lagnaval.is

Nauðsyn á stillingu og viðhaldi hitakerfa í húsum

Þau tæki sem nauðsynleg eru við nýtingu heita vatnsins í hverju húsi, varmaskiptar og stýribúnaður, krefjast nokkurs eftirlits og viðhalds. Val á búnaði er einnig mikilvægt og þarf hann að henta stærð húsnæðisins og vera rétt upp settur og stilltur. Nokkur misbrestur hefur verið á þessu og veldur því að þrátt fyrir alltof mikla vatnseyðslu í húsi fæst ekki nægilegur hiti. Húseigendur þurfa að kynna sér notkun og eðlilegt viðhald og er starfsfólk Hitaveitunnar ávallt reiðubúið til að ráðleggja um viðhald kerfa.



Eitt tonn af heitu vatni kostar 66,6 kr. með sköttum hjá Hitaveitu Seltjarnarness




HITAVEITA SELTJARNARNESS

Salt vatn krefst flóknari tækja og meiri aðgæslu

Vegna seltu vatnsins kjósa flestir notendur að hafa einnig forhitara fyrir kranavatnið þar sem við beina notkun vill saltið setjast á hreinlætistæki og blöndunartæki stíðna og bila vegna kísils og saltútfellinga. Með notkun varmaskipta fyrir kranavatn gefst færi á að lækka hita þess þannig að minni hættu sé á brunaslysum þegar skrúfað er frá krana í ógáti eða ef hitastillar blöndunartækja gefa sig. Einnig er æskilegt að vatnshiti kranavatns fari ekki yfir 55 °C, þar sem mikið uppleyst súrefni er í upphitaða ferskvatninu og þar með hættu á tæringu vatnsröra.

Einfölduð mynd sem sýnir hitaveitukerfi í húsi á Seltjarnarnesi með varmaskipti bæði fyrir kranavatn og ofna:



Hitastýriloki

Skrúfa niður = **hærri tala - hærri hiti.**

Skrúfa upp = **lægri tala - lægri hiti.**



Eðlilegur endingartími varmaskiptis er á bilinu 12-18 ár



HITAVEITA SELTJARNARNESS

Þegar athuga skal eðlilega heitavatsnotkun á heimili er ágætt að styðjast við eftirfarandi:

Að **vetri** telst tveggja mánaða (reiknings-)tímabil vera u.þ.b. 20% af ársnotkun, að **vori** og **hausti** 15% og að **sumri** 10%.

Hæfileg sólarhringsnotkun 90 m² íbúðar að vetri til, mætti þá reikna þannig:
90 (m²) x 2,5 (lofthæð, til að fá út rúmmetrastærð íbúðar) **x 1,6** tonn (hæfileg notkun pr. rúmmetra á ári) = **360** tonna ársnotkun **x 0,2** (20% af ári) / **60** dögum (2ja mánaða reikningstímabil) = **1,2** tn. pr. sólarhring!

Síðan má nota t.d. eina helgi eða svo til að lesa af, á sama tíma sólarhrings, föstudag, laugardag og sunnudag og ætti þá að liggja ljóst fyrir hvort rennsli sé of mikið.

Eins og áður hefur komið fram eru þessar notkunartölur háðar nokkrum þáttum s.s. aldri, byggingarefni og einangrun húsnæðis, ástandi og stillingu hitakerfis, hitunarvenjum íbúa o.s.frv.

Rétt er að fram komi að kranavatsnotkun er yfirleitt ekki stór hluti af heitavatsnotkun heimila og ekki ástæða til að spara slíka notkun að öðru leyti en því, að láta ekki leka eða renna viðstöðulaust.

Til minnis – álestrar:

| <i>Dagsetning</i> | <i>Mælisstaða</i> | <i>Notkun</i> |
|-------------------|-------------------|---------------|
| | | |
| | | |
| | | |



Endurstofnverð hitaveitunnar er um 3,7 milljarðar króna



HITAVEITA SELTJARNARNES

Vissir þú að það kostar
um 200 milljónir
að bora eina holu?

Nokkur lykilatriði

- Heita vatnið er ekki ætlað til drykkjar
- Sýndu ávallt fyllstu aðgát þegar heitt vatn er annars vegar
- Láttu renna úr krananum smá stund til að ná réttu hitastigi
- Kannaðu hitastig vatnsins áður en þú ferð út í það
- Tryggðu stöðugt efirlit með búnaði og viðhaldi hans
- Leitaðu aðstoðar fagmanna við val á lausnum
- Ef slys verður, kældu strax og ráðfærðu þig við lækni

Neyðarnúmer um land allt er:

112

Hitaveitan okkar
nýtir eingöngu borholur
á Seltjarnarnesi



Aðalvinnsluhola
Hitaveitu Seltjarnarness SN-12
er í grennd við Ráðagerði



Tíminn sem tekur djúpan 2. stigs bruna að myndast:

| Heitt vatn brennir hraðar en margan grunar | Hitastig: | Tímalengd: |
|--|------------|------------|
| | 70°C | 1 sek. |
| 66°C | 2 sek. | |
| 60°C | 5-6 sek. | |
| 55°C | 20-30 sek. | |
| 52°C | 2 mín. | |
| 49°C | 9 mín. | |
| 44°C | 6 klst. | |



Förum vel með heita vatnið
Lækkum hitann á sumrin
Lækkum húshitunarkostnaðinn



HITAVEITA SELTJARNARNES

Vatn þessarar gerðar er talið gott við meðhöndlun á iktsýki og psoriasis

Kostir salta vatnsins

Vatnið á Seltjarnarnesi er mjög líkt að efnasamsetningu og vatn í mörgum helstu heilsuþaðstöðum í Evrópu eins og t.d. Baden-Baden. Verulegir möguleikar gætu því verið á nýtingu vatnsins á Seltjarnarnesi til heilsuþaða. Reyndar staðfesta vinsældir Sundlaugar Seltjarnarness það, sundlaugargestir tala t.d. um að þeir séu „léttari“ á sundinu o.s. frv.



HITAVEITA SELTJARNARNESS

Starfsmenn Hitaveitunnar eru ávallt reiðubúnir að aðstoða bæjarbúa varðandi hagkvæmustu nýtingu heita vatnsins og við val og stillingu á búnaði. Hafið samband við:

Stefán Eirík Stefánsson hitaveitustjóra í síma 5959182.

www.seltjarnarnes.is

Neyðarnúmer: 822 9150

Geymið bæklinginn - upplýsingarnar gætu komið sér vel síðar!



*Takmörkuð auðlind
Spörum fyrir næstu kynslóð*